

janúar 1969 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. október 1972.

Nr. 105/1971. Benedikt Svavarsson

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Lindu Arvids

(Örn Clausen hrl.)

og Tryggingamiðstöðinni h/f

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Vátrygging. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. júlí 1971. Krefst hann þess, að stefndu verði óskipt dæmt að greiða honum kr. 176.530.00 með 8½ ársvöxtum frá 7. október 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar stefnda Lindu Arvids.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, hafði áfrýjandi keypt húftryggingu fyrir bifreiðina R 22404 hjá stefnda Tryggingamiðstöðinni h/f. Eftir málflutningi áfrýjanda

verður að leggja til grundvallar, að samkvæmt húftrygginga-skilmálum þeim, sem giltu um vátrygginguna, hafi félagið ekki tekið á sig áhættu af tjóni, sem yrði á bifreiðinni, þegar hún hefði verið lánuð með þeim hætti, sem í málinu greinir. Þar sem ekki verður fallizt á með áfrýjanda, að hann geti reist kröfur á 8. gr. umræddra skilmála, og ekki hafa verið færð fram nægileg rök fyrir því, að skilyrði séu til að beita 34. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, ber samkvæmt framansögðu að sýkna stefnda Tryggingamiðstöðina h/f af kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, að því er varðar stefnda Tryggingamiðstöðina h/f. Hins vegar greiði áfrýjandi stefnda Lindu Arvids kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskot þetta var ástæðulaust, að því er hana varðaði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Benedikt Svavarsson, greiði stefnda Lindu Arvids kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júlí 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. maí s.l., hefur Benedikt Svavarsson, Úthlíð 6, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 8. desember 1969, á hendur Lindu Arvids, Úthlíð 3, Reykjavík, og Tryggingamiðstöðinni, Aðalstræti 6 í Reykjavík, til greiðslu in solidum á kr. 176.530.00 með 8½% ársvöxtum frá 7. október 1969 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Stefndi Linda Arvids hefur krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Stefndi Tryggingamiðstöðin h/f hefur og krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að að kvöldi mánudagsins 6. október 1969 fékk stefndi Linda bifreið stefnanda, Volkswagen, árgerð 1968, að láni í þeim tilgangi að aka vinkonu sinni, Kristínu, til heimilis hennar að Rauðalæk 45 hér í borg. Dvaldi stefndi Linda á heimili Kristínar, eftir að þangað var komið. Stefndi Linda hringdi til stefnanda og tjáði honum, að henni mundi dveljast eitthvað hjá Kristínu til að horfa þar á sjónvarp. Enn hringdi stefndi Linda síðar um kvöldið til stefnanda og tjáði honum, að henni mundi enn dveljast hjá Kristínu, þar sem hana langaði til að sjá sjónvarpsmynd til enda. Það var síðan milli kl. 2300—2330 sem Linda fór að Rauðalæk í þeim tilgangi að skila bifreiðinni aftur til stefnanda, og var Kristín með henni í bifreiðinni. Af því varð þó ekki, að hún skilaði bifreiðinni þá, heldur tók Linda að aka fyrst um bæinn, síðan til Hafnarfjarðar ásamt tveim piltum. Var farið að neyta áfengis í bifreiðinni, þ. á. m. stefndi Linda. Síðan var ekið áleiðis til Keflavíkur. Er komið var á móts við syðri afleggjarann til Innri-Njarðvíkur fór bifreiðin út af veginum, valt þar og nærri geryðilagðist. Slösuðust öll, sem í bifreiðinni voru, og beið Kristín bana af völdum slyssins þá um nóttina.

Skömmu eftir slysið voru teknar skýrslur hjá rannsóknarlög-reglunni í Reykjavík af aðiljum og öðrum þeim, sem við sögu komu, um hér umrætt atvik og af aðiljum málsins aftur hér fyrir dómi. Verða skýrslur þessar nú raktar að því leyti sem þær kunna að hafa áhrif á úrslit þessa máls.

Stefnandi kvaðst umrætt kvöld hafa setið að spilum heima hjá sér með þrem félögum sínum. Klukkan 2100—2130 hafi stefndi Linda komið til sín og beðið sig að lána sér bifreið sína til þess að aka vinkonu sinni, Kristínu, heim til hennar að Rauðalæk 45, og kvaðst hann hafa orðið við beiðni hennar. Kvaðst hann hafa sagt við Lindu, að hún kæmi síðan beint heim til sín með bifreiðina, og hafi hún jánkað því. Linda hafi síðan hringt til sín, tjáð, að hún væri heima hjá Kristínu og spurt sig, hvort hún mætti dveljast þar nokkra stund til að horfa á sjónvarp. Kvaðst stefnandi hafa samþykkt það. Linda hafi svo hringt aftur síðar um klukkan 2230—2300, að því er hann minnti, og þá beðið um að fá að tefjast eitthvað lengur til að sjá sjónvarpskvikmynd til enda. Kvaðst hann hafa ítrekað það við Lindu, að hún mætti ekki fara á bifreiðinni niður í borgina eða annað á henni, heldur aðeins beint heim til sín, er hún færi frá Kristínu. Upp úr klukkan 2400 kvaðst hann hafa verið farinn að verða órólegur vegna bifreiðarinnar, en þar sem hann hafði ekki vitað

um símanúmer hjá Kristínu og því ekki getað hringt þangað, kvaðst hann hafa vonað, að allt væri í lagi og að stefndi Linda færi að koma. Um kl. 0030 kvað hann þá félagar hafa hætt við spilamennskuna og hafi þá tveir af gestum hans farið heim til sín, en sá þriðji, Friðrik Stefánsson, hafi orðið eftir, þar sem stefnandi kvaðst hafa ætlað að aka honum heim. Þeir Friðrik hafi svo beðið fram til kl. 0330, en þá kvaðst stefnandi hafa hringt á leigubifreið og hafið leit að bifreið sinni, þar sem hann hafi þá verið orðinn reiður út af því að fá ekki bifreið sína. Kvaðst hann fyrst hafa ekið að Rauðalæk að heimili Kristínar, en ekki séð bifreiðina þar, en síðan kvaðst hann hafa ekið Friðrik heim og að því loknu heim til sín. Hann kvaðst þó á þessari leið hafa ekið fram hjá samkomuhúsinu Röðli, ef vera kynni, að bifreiðin væri þar. Er hann hafi verið kominn heim til sín, hafi hann farið að sofa, þar sem hann kvaðst ekki hafa vitað, hvert fara skyldi til að leita að bifreiðinni. Er stefnandi hafi vaknað um morguninn um kl. 0800, hafi hann fyrst hugað að því, hvort bifreið sín væri komin, en sá, að svo var ekki. Hafi hann þá hringt heim til stefnda Lindu og móðir hennar svarað og sagt sér, hvernig komið væri með bifreiðina og hvað komið hefði fyrir. Hann kvaðst nokkrum sinnum áður hafa lánað stefnda Lindu bifreiðina og hafi hún skilað henni aftur nálægt á þeim tíma, sem um hafi verið talað hverju sinni.

Stefndi Linda skýrði svo frá, að það hafi verið um kl. 2100, að hún hafi fengið bifreið stefnanda lánaða, en hún kvað stefnanda nokkrum sinnum áður hafa lánað sér bifreiðina. Kvaðst hún hafa spurt stefnanda að því, hvort hún mætti aka vinkonu sinni, Kristínu, heim til hennar að Rauðalæk 45, og hafi stefnandi leyft það. Á leiðinni þangað, skammt frá veitingastaðnum Þórskaffi, hafi þær hitt félagar sína tvo, Erling og Ísleif, og tekið þá upp í bifreiðina og ekið síðan heim til Kristínar. Meðan þau hafi verið stödd á Rauðalæk, kvaðst hún í tvö skipti hafa hringt til stefnanda til að segja honum, hvar þau væru. Í síðara skiptið hafi stefnandi spurt sig að því, hvort þau mundu fara niður í bæ, og hún sagzt ekki búast við því. Hafi stefnandi ekkert sagt við því, enda kvaðst hún hafa ætlað að skila bifreiðinni fljótlega, þar sem þau hafi ætlað á dansleik í Þórskaffi og því ætlað að skila bifreiðinni áður. Hafi þau farið frá Rauðalæk um kl. 2315, að því að hana minnti. Það hafi ekki orðið úr því, að þau færu á dansleikinn, en hún kvaðst muna, að þau hafi stanzað smá-stund fyrir utan veitingahúsið. Kvaðst hún hafa hugsað sér að

aka piltunum heim til þeirra, en er þangað kom, hafi piltarnir frekar haft á móti því, og kvaðst hún ekki hafa kunnað við það að reka þá út úr bifreiðinni. Piltarnir hafi viljað ná sér í áfengi og hafi því verið ekið til Hafnarfjarðar, en þar fengu piltarnir flösku af ákavíti. Taldi Linda, að klukkan hafi þá verið um 0030. Eftir að flaskan var fengin, hafi hún ekið til Reykjavíkur, eitt-hvað um borgina og síðan aftur til Hafnarfjarðar. Þar hafi þau á nætursölu fengið sér eitthvað að borða. Hún kvaðst þá hafa verið orðin leið og þreytt og hafi hún þá neytt áfengis frá piltunum, sem blandað hafi verið á Coca Cola flösku. Ekki kvaðst hún sér hafa fundizt hún drekka það mikið, að hún fyndi til áfengisáhrifa, enda kvaðst hún hafa neytt áfengisblöndunnar aðeins til að hressa sig upp. Einnig kvaðst hún þá hafa verið uggandi yfir, að hún skyldi þá ekki vera búin að skila bifreiðinni. Taldi hún það ekki mundu saka, þótt hún neytti lítils háttar af áfenginu, ef hún neytti þess ekki að neinu ráði. Síðan hafi svo um talast á milli þeirra í bifreiðinni að fara til Keflavíkur. Kvaðst hún þó áður hafa tvisvar sinnum verið búin að aka að Reykjanesbrautinni fyrir sunnan Hafnarfjörð, en snúið við. Hins vegar, er hún kom þar í þriðja sinn, þá hafi hún ekið áfram áleiðis til Keflavíkur. Linda kvað farþega sína í bifreiðinni hafa þagað mest af leiðinni frá Hafnarfirði og hafi þau enn fremur reykt, sem hún þó ekki gerir, og rúður hafi verið lokaðar. Af þeim sökum hafi sér verið þungt yfir höfðinu. Hún kvað alla farþega sína í bifreiðinni hafa vitað um það, að hún neytti áfengis við aksturinn. Ekki kvaðst hún geta gert sér grein fyrir því, hve hratt hún ók, og ekki hafi hún litið á hraðamæli, heldur hafi hún horft beint fram fyrir sig, þar sem skyggni var slæmt, rigning og rok, og kvaðst hún hafa fundið fyrir því, að í stýrið tók annað slagið. Hún kvaðst muna eftir því, að annar piltanna hafi sagt við sig eitthvað á þá leið, hvort hún æki ekki of hratt. Kvaðst hún halda, að hún hafi ekki svarað því, og kvaðst ekki muna, hvort hún hafi við það hægt ferð bifreiðarinnar. Hún kvaðst hafa verið búin að veita því athygli, að þau voru komin langtíðina til Keflavíkur, og hafi verið að hugsa um það, að þá gætu þau fljótlega farið að fara heim. Það síðasta, sem hún kvaðst muna, áður en slysið varð, var, að hún lygndi aftur augunum eða nuddaði þau, þar sem hún hafi verið orðin syfjuð og einnig vegna reyksins í bifreiðinni. Kvaðst hún þá hafa fundið, að bifreiðin fór út af veginum vinstra megin. Hafi þá komið á sig fát, og kvaðst hún muna, að hún hafi beygt snöggt til hægri, og

einnig kvaðst hún halda frekar, að hún hafi einnig snögghemlað. Er bifreiðin hafi farið út af, hafi sér fundizt eins og kippt væri í stýrið, og því hélt hún, að hún hefði beygt ennþá sneggra inn á veginn, enda hafi þá verið komið mikið fát á sig. Bíllinn hafi síðan farið sitt á hvað á veginum, og kveðst hún muna, að hún hafi kallað til þeirra, sem í bifreiðinni voru, „haldið ykkur“, en síðan viti hún ekki, hvað eftir það gerðist, þar sem hún muni hafa rotazt. Þó kvaðst hún muna eftir því að hafa tekið með báðum höndum um höfuð sér og beygt sig niður, er bifreiðin hafi farið að velta og hún fundið, að hún réð ekki lengur við það, sem var að gerast. Síðan rakti hún atburðarás eftir það, sem eigi þykir ástæða til að rekja í þessu máli. Um áfengisneyzlu sína gat hún þó, að hún hafi ávallt dreypt lítið á áfengisblöndunni, og kvað sig eftir sinni beztu vitund ekki hafa greint sig finna til áfengisáhrifa, en þó hafi neyzlan hresst sig. Hún kvað piltana hafa hvatt sig til aksturs bifreiðarinnar lengur en hún hafði ætlað sér. Hefði svo ekki verið, hefði hún skilað bifreiðinni til stefnanda um miðnætti.

Erling Ólafsson skýrði svo frá, að hann hafi ásamt félagu sínum, Ísleifi, komið heim til stefnda Lindu um kl. 1000 umræddan dag. Þeir félagarnir hafi verið með eina flösku af áfengi meðferðis og hafi þeir drukkið úr þeirri flösku heima hjá Lindu. Hann kvað Lindu ekki hafa neytt neins af áfenginu og heldur ekki stúlkuna, sem kom til Lindu, stuttu eftir að þeir félagarnir komu þangað. Þeir hafi síðan dvalizt heima hjá Lindu þar til kl. 1600—1700, en þá hafi þeir farið niður í bæ og keypt aðra flösku af áfengi. Hafi þeir síðan verið að þvælast um borgina, en um kl. 2130—2200 hafi þeir ætlað á dansleik í Þórskaffi. Er þeir voru á leið þangað, hafi Linda komið í bifreið ásamt stúlku þeirri, er með henni var, og hafi Linda boðið þeim félögum upp í bifreiðina. Það hafi verið um það rætt að fara á dansleikinn, en þá kom í ljós, að þau höfðu ekki peninga til þess, svo að hætt var við þá ákvörðun, en farið heim til Kristínar. Kristín hafi skipt um föt heima hjá sér, en þar hafi verið stanzað stutt. Síðan hafi verið ekið til borgarinnar. Þar sem hætt hafi verið við að fara á dansleikinn, hafi verið farið að þvælast um borgina hingað og þangað og síðast til Hafnarfjarðar, en þaðan hafi síðan verið farið í umrædda ferð til Keflavíkur. Erling kveðst ekki vita, hvenær Linda hafi farið að neyta áfengis, og minntist þess ekki, að hann hafi gefið henni áfengi. Hins vegar kvaðst hann hafa séð Kristínu neyta áfengis. Hafi það verið úr flösku þeirri,

sem þeir félagar keyptu. Hann kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að Linda væri með áfengisáhrifum, er þau fóru frá Hafnarfirði, og ekki kvaðst hann hafa vitað til þess, að Linda hefði neytt áfengis á leiðinni til Keflavíkur, að minnsta kosti hafi hann ekki tekið eftir því. Hann kvaðst heldur ekki hafa séð það á framkomu hennar, að hún væri undir áfengisáhrifum. Hann kvað Lindu hafa sagt sér, að bifreiðina hefði hún fengið að láni hjá kunningja sínum. Kvaðst hann ekki neitt hafa spurt hana frekar út í það, og ekki hafi hún minnst á það við sig, svo að hann myndi, að hún þyrfti að vera búin að skila bifreiðinni fyrir vissan tíma. Hann kvað sér hafa fundizt Linda vera frekar óvaningsleg við aksturinn og er þau fóru til Keflavíkur, hafi sér fundizt hún aka of hratt. Er þau nálgðust slysstaðinn, hafi gert mikið úrfelli, og fylgdi því hvassviðri. Hafi rokið verið það mikið, að bifreiðin kipptist til. Linda hafi þá verið farin að aka mjög hratt, og kvaðst hann gizka á, að hraðinn hafi verið um 100 km miðað við klukkustund eða jafnvel yfir það. Þau farþegarnir í bifreiðinni hafi beðið hana að aka ekki svo hratt, þar sem veðrið var slíkt, en hún hafi ekki sinnt þeirri beiðni. Erling kvaðst ekki minnast þess, að bifreiðin færi út af steypa veginum, fyrr en í því að slysið skeði. Kvaðst hann ekki geta lýst því, hvernig það gerðist, það hafi gerzt svo fljótt, að hann kvaðst ekki geta sagt um, hvort bifreiðin endasantist eða valt. Kvaðst hann ráma í, að bifreiðin hafi verið komin á hliðina, en síðan kvaðst hann ekkert hafa vitað af sér, fyrr en hann rankaði við sér inni í bifreiðinni, en þá kvaðst hann halda, að hún hafi legið á annarri hliðinni. Síðan lýsti Erling atburðum eftir slysið, en ekki þykir ástæða til að rekja það frekar hér.

Ísleifur Örn Valtýsson skýrði á sama veg og Erling hér að framan frá ferðum þeirra félaga umræddan dag, frá því er þeir komu heim til Lindu og þar til þeir komu að Rauðalæk. Hann gat þess, að Linda hefði ekki neytt áfengis um daginn. Hann taldi þau ekki hafa stanzað lengi að Rauðalæk, og ekki minntist hann þess, að þeir hafi neytt áfengis, meðan þeir dvöldust þar. Ekki kvaðst hann vita til þess, að Linda hefði hringt til eiganda bifreiðarinnar frá Rauðalæk. Er þau hafi farið frá Rauðalæk, hafi verið ekið um borgina, en síðan til Hafnarfjarðar og þaðan aftur til Reykjavíkur og þaðan aftur til Hafnarfjarðar. Þar kvað hann þau hafa fengið sér snarl á nætursölu við bílastöð. Hann kvaðst ekki muna eftir því, að þeir félagarnir hafi keypt sér áfengi í Hafnarfirði. Kvaðst hann halda, að þeir félagar hafi eingöngu

verið með flösku, sem þeir hafi keypt um daginn, eftir að þeir fóru frá Lindu. Hann kvaðst aldrei hafa séð Lindu neyta áfengis, en kvaðst vita, að Kristín neytti áfengis hjá þeim, er þau voru að aka um Reykjavík. Hann kvaðst ekki hafa séð merki þess á Lindu, að hún hefði neytt áfengis eða að hún væri undir áhrifum þess. Hann kvaðst sjálfur hafa verið orðinn talsvert mikið drukkin, er þau fóru frá Hafnarfirði áleiðis til Keflavíkur, en ekki kvaðst hann vita ástæðuna fyrir því, að farið var til Keflavíkur, og taldi hann engan sérstakan í bifreiðinni hafa haft forgöngu um þá ferð. Ísleifur kvað sér ekki hafa fundizt Linda aka óvenjulega hratt á leiðinni frá Hafnarfirði að slysstaðnum og ekki neitt hafa séð athugasemdir við akstur hennar. Hann kvaðst ekki minnst þess, að neinn af þeim farþegunum hafi beðið Lindu um að aka hægar á þeirri leið, en sagði þau hafa beðið hana að aka hægar, er hún var á leiðinni milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, því þá hafi hún, að þeirra dómi, ekið of hratt, og kvaðst hann ekki muna betur en að hún yrði við þeirri beiðni. Hann kvað hafa verið rok og rigningu, er slysið varð, en hann kvaðst ekki minnst þess, að hann fyndi til þess á bifreiðinni. Hann tók fram, að hann héldi sig hafa sofnað, áður en þau nálguðust slysstaðinn. Kvaðst hann ekki hafa orðið var, er bifreiðin fór út af veginum, og kvaðst ekki hafa vitað af sér, fyrr en slysið var afstaðið, og þó ekki fyrr en hann hafi verið kominn í sjúkrahúsið í Keflavík, eða hann kvaðst ekki muna eftir sér fyrr.

Friðrik Stefánsson skýrði svo frá, að hann hefði setið að spilamennsku heima hjá stefnanda og tveim öðrum félögum þeirra, er þær stúlkur komu heim til stefnanda, og önnur þeirra beðið stefnanda að lána sér bifreið hans til að skreppa inn á Rauðalæk og hafi stefnandi orðið við beiðninni. Hann kvaðst muna eftir því, að stefnandi hafi tekið fram við stúlkuna, sem bílinn fékk lánaðan, að hún kæmi strax með hann til baka og færi ekki niður í borgina á honum. Hann kvaðst hafa orðið þess var, að hringt hafi verið tvisvar til stefnanda um kvöldið varðandi bifreiðina. Kvaðst hann hafa heyrt, að Benedikt sagði við stúlkuna í fyrra sinnið, að hún mætti horfa á mynd, sem þá var að byrja í sjónvarpinu, en koma með bílinn, strax er myndinni væri lokið. Í seinna sinnið, sem hringt var til stefnanda, hvaðst hann halda, að klukkan hafi verið um 2230. Kvaðst hann þá hafa heyrt, að Benedikt sagði við þann, sem hann talaði við og muni hafa verið sama stúlkan, að henni mætti dveljast smástund, en koma svo með bifreiðina. Skýrði Friðrik síðan á sama veg og stefnandi hér

að framan um bið þeirra eftir bifreiðinni og leit þeirra síðar um nóttina að henni.

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur stefnda Lindu á því, að lán hans til hennar á bifreiðinni hafi verið bundið því skilyrði að aka eingöngu að Rauðalæk 45 og þaðan aftur að heimili sínu og skila þar bifreiðinni. Hafi stefnandi sérstaklega tekið fram við stefnda Lindu, að hún mætti alls ekki aka bifreiðinni niður í borgina. Linda hafi af þessu tilefni tvisvar um kvöldið hringt til sín frá Rauðalæk til að láta sig vita, að henni dveldist þar, og fékk leyfi sitt til, að dráttur yrði á skilum hennar á bifreiðinni. Þessi dráttur á skilum bifreiðarinnar hafi eingöngu miðazt við það, að hún fengi að sjá sjónvarpsmynd til enda, en þar sem ætlun stefnanda var, að spilamennsku þeirra félaga, sem hjá honum voru, yrði lokið um miðnætti, þá reiknaði hann með með tilliti til sjónvarpsdagskrárinnar, að Linda skilaði bifreiðinni fyrir miðnætti. Af þessu varð þó ekki, þar sem Linda hóf akstur bifreiðarinnar um borgina, til Hafnarfjarðar, til Reykjavíkur og síðan aftur til Hafnarfjarðar, en þaðan í ferðalag til Keflavíkur. Þótt svo að stefndi Linda hafi haft löglega vörzlu bifreiðarinnar þetta kvöld, þá takmarkaðist heimild hennar við hin ákveðnu skilyrði. Stefnandi gat því á engan hátt þrátt fyrir tilraunir sínar varnað því, að stefndi Linda færi út fyrir þá heimild, sem hún hafði um notkun bifreiðarinnar. Telur stefnandi, að slíkt verði ekki talið til gáleysis af sinni hálfu, þar sem hann hefði mátt treysta stefnda Lindu um það að fara ekki út fyrir heimild sína, þar sem hann áður hafði lánað henni bifreiðina og stefndi Linda jafnan skilað bifreiðinni á fyrirfram umsömdum tíma og ávallt sýnt það, að hún væri trausti stefnanda verð. Stefnandi Linda notaði því bifreið stefnanda í algeru heimildarleysi, er hún fór að aka henni um borgina, til Hafnarfjarðar, til Reykjavíkur, aftur til Hafnarfjarðar og síðan í átt til Keflavíkur, þar að auki hafi hún neytt áfengis við þann akstur, sem stefnandi hafði ekki mátt gera sér grein fyrir. Og að því viðbættu hafi hún ekið bifreiðinni allt of hratt miðað við aðstæður og því átt algera sök á því, að bifreiðin lenti út af veginum til Keflavíkur og eyðilagðist við það að mestu leyti. Er því ljóst, að stefndi Linda sé ábyrg fyrir því tjóni, er stefnandi varð fyrir, með hinu ólögmeta og saknaema atferli sínu um meðferð bifreiðarinnar.

Kröfur sínar á henda stefnda Tryggingamiðstöðinni h/f byggir stefnandi á því, að bifreið sín hafi verið húftryggð hjá fyrir-tækinu og beri því að bæta tjónið samkvæmt 8. gr., 1. málsg.,

vátryggingarskilmálanna, þar sem akstur stefnda Lindu á bifreiðinni hafi verið bundinn við ákveðna leið og ákveðinn tíma. Notkun stefnda Lindu á bifreiðinni, er slysið varð, hafi verið algerlega heimildarlaus af hennar hálfu og brot á 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 257. gr. sömu laga. Mótmælir stefnandi því, að stefndi Tryggingamiðstöðin h/f geti borið fyrir sig b lið 9. gr. í vátryggingarsamningnum, þar sem notkun stefnda Lindu á bifreiðinni eftir miðnætti umræddan dag hafi verið nytjastuldur af hennar hálfu. Því verði 9. gr., liðir c, e, g, og 7. gr. vátryggingarskilmálanna að þoka fyrir 1. málsg. 8. gr. þeirra. Þó svo að stefndi Linda hafi haft löglega vörzlu bifreiðarinnar þetta umrædda kvöld, þá hafi sú heimild takmarkazt til notkunar bifreiðarinnar við ákveðin og skýr skilyrði. Stefnandi hafi á engan hátt þrátt fyrir tilraunir hans getað varnað því, að stefndi Linda færi út fyrir heimild sína, og eigi verði það talið gáleysi af stefnanda að hafa mátt treysta stefnda Lindu, þar sem hann hafi áður lánað henni bifreiðina og stefndi Linda ávallt sýnt, að hún væri traustsins verð. Stefnandi sé því eins settur og bifreiðinni hefði verið stolið. Þá byggir stefnandi kröfur sínar á hendur stefnda Tryggingamiðstöðinni h/f einnig á 34. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga og telur, að ef c lið 9. gr. vátryggingarskilmálanna sé beitt, þá mundi það bersýnilega leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu og því fremur sem atferli stefnda Lindu sé refsivert samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum almennra hegningarlaga.

Stefndi Linda byggir sýknukröfu sína á því, að orsök slyssins verði eigi rakin til áfengisneyzlu hennar við aksturinn. Hér hafi verið um óhapp að ræða, sem rætur eigi að rekja til hvassviðris og úrkomu, en ekki vegna ógætilegs aksturs hennar. Akstur hennar á bifreiðinni hafi í engu verið ábótavant og því skipti eigi máli um bótaskyldu hennar, þótt hún hafi neytt áfengis við aksturinn.

Sýknukrafa Tryggingamiðstöðvarinnar h/f er þeim rökum studd, að samkvæmt 7. gr. vátryggingarskilmálanna sé bótaskylda félagsins því skilyrði bundin, að enginn annar aki bifreið vátryggingartaka en hann sjálfur, maki hans, börn, tengdabörn, foreldrar og systkini eða fastráðinn maður í þjónustu vátryggingartaka. Þetta gildi, nema um annað hafi sérstaklega verið samið, en því hafi ekki verið til að dreifa í hér umræddu tilviki. Stefnanda mátti vera ljóst, þá er hann lánaði stefnda Lindu bifreiðina og fékk henni vörzlu og umráð hennar, að bifreiðin væri

ekki húftryggð, meðan stefndi Linda hefði umráð og vörzlu hennar. Þá bendir stefndi Tryggingamiðstöðin h/f í öðru lagi á ákvæði 9. gr. váttryggingarskilmálanna, en þar sé um að ræða ýmis atriði, sem váttryggingafélag undanskilur sig ábyrgð. Samkvæmt c lið þeirrar greinar undanskilur váttryggingafélag sig ábyrgð á skemmdum, sem verða, meðan ökutæki er í láni eða leigt án ökumanns. Sama gildi, ef sá, sem fengið hefur afnot ökutækis, fer út fyrir afnotaheimild eða fær öðrum afnot ökutækisins án heimildar. Í þessari tilvitnuðu setningu sé beinum orðum tekið fram, að váttryggingafélag sé undanskilið ábyrgð, ef ökutæki er lánað eða leigt án ökumanns, og niðurlagsákvæði hinnar tilvitnuðu setningar taki af allan vafa um það, að ekki sé hægt að tala um þjófnað eða nytjastuld, þótt ökumaður fari út fyrir heimild sína, þ. e. a. s. aki aðra leið eða noti ökutæki lengur en til var ætlað. Þá bendir stefndi Tryggingamiðstöðin h/f í þriðja lagi á e og g liði 9. gr. váttryggingarskilmálanna, en samkvæmt g lið sé váttryggingafélag undanskilið ábyrgð, ef ökumaður er ölvaður við akstur. Samkvæmt alkóhólrannsókn, sem framkvæmd var á stefnda Lindu, reyndist alkóhólmagn í blóði hennar 1.35‰, en samkvæmt 4. málsg. 25. gr. laga nr. 26/1958 teljist sá óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki, sem hefur meira en 1.20‰ vínanda í blóðinu. Telur stefndi Tryggingamiðstöðin h/f ákvæði 18. og 20. gr. laga nr. 20/1954 svo og 51. gr. þeirra eigi vera til hindrunar ákvæðum ábyrgðarleysis 9. gr. váttryggingarskilmálanna.

Af skýrslum þeim, sem hér að framan eru raktar, verður að telja, að stefndi Linda hafi eigi haft heimild stefnanda til notkunar bifreiðarinnar nema til aksturs að Rauðalæk 45 og þaðan til baka til heimilis hans að Úthlíð. Samkvæmt gögnum málsins sýndi vínandamagn í blóði stefnda Lindu, sem tekið var eftir slysið, 1.35‰. Þá verður og að telja nægilega í ljós leitt af skýrslum, að stefndi Linda hafi ekið bifreiðinni allt of hratt í margnefndri ökuferð miðað við aðstæður. Af þessum tveim síðastnefndu ástæðum þykir hún eiga alla sök á slysinu. Ber stefndi Linda því fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann varð fyrir.

Eigi er annað í ljós leitt í málinu en að stefnandi hafi fengið þá húftryggingu hjá stefnda Tryggingamiðstöðinni h/f, er hann hafi um beðið. Samkvæmt þeim váttryggingarskilmálum hafði stefnandi heimild til að lána þar nánar tilteknum aðiljum afnot bifreiðarinnar á ábyrgð félagsins. Að þeim aðiljum frátöldum

undanskildi váttryggingafélagið sig ábyrgð, ef bifreiðin væri lánuð, sbr. c lið 9. gr. váttryggingarskilmálanna. Mátti stefnanda því vera ljóst, að bifreiðin var eigi í húftryggingu hjá váttryggingafélaginu, meðan stefndi Linda hafði afnot hennar. Ber því samkvæmt þessu að sýkna stefnda Tryggingamiðstöðina h/f af kröfum stefnanda í málinu. Þykir ákvæði 34. gr. laga nr. 20/1954 eigi vera til hindrunar þessari niðurstöðu.

Niðurstaða málsins samkvæmt framansögðu er því sú, að stefndi Linda verður dæmd til að greiða stefnanda kr. 176.530.00, en aðiljar urðu sammála við munnlegan flutning málsins, að tjón stefnanda næmi þeirri fjárhæð, með vöxtum, eins og krafist er í stefnu, þó þannig, að hæð þeirra ákveðst 7 af hundraði. Þá ber samkvæmt þessu að dæma stefnda Lindu til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 26.500.00. Hins vegar verður Tryggingamiðstöðin h/f sýknuð af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður, að því er félagið varðar, falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan, en uppsaga hans hefur dregist fram yfir venju vegna mikilla anna við borgardómaraembættið.

Dómsorð:

Stefndi Tryggingamiðstöðin h/f á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Benedikts Svavarssonar, í máli þessu, en málskostnaður fellur niður, að því er hann varðar.

Stefndi Linda Arvids greiði stefnanda kr. 176.530.00 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1969 til greiðsludags og kr. 26.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
